

## Fyrsta stig

Fyrsta stigsprófið á kontrabassa er þeytt eftir að nemandi hefur náð eftirfarandi hæfniviðmiðum og hefur undirbúið hæfileg prófverkefni. Það telst fullgilt aðeins ef nemandi lýkur einnig **Tónfræði G1**. Ætlast er til þess að nemendur í fyrsta stigi kaupi kennslubók sem þeir vinna í eftir fyrirmælum kennara.

Við lok fyrsta stigs eiga kontrabassanemendur að hafa náð eftirfarandi markmiðum:

### Nemandi

- beiti líkamanum á eðlilegan hátt þegar leikið er á hljóðfærið.
- haldi rétt á hljóðfærinu.
- hafi náð tókum á góðu og öruggu bogagripi.
- beiti boganum á eðlilegan hátt.
- hafi náð tókum á eðlilegri stöðu vinstri handar.
- leiki með jöfnum fingrahreyfingum.
- hafi náð nokkrum tókum á pizzicato.
- hafi náð nokkuð góðum tókum á tónmyndun í stillingum 1/2–2 (að c á G-streng).
- hafi náð nokkuð góðum tókum á tónmyndun á neðra tónsviði að F.
- hafi náð grundvallartökum á inntónun.
- geti leikið með nokkrum styrkleikabreytingum.
- hafi öðlast grundvallarhrynskyn.
- geti lesið og leikið án undirbúnings einföld verkefni.
- hafi þjálfast í að leika utanbókar.
- hafi þjálfast í að leika eftir eyra.
- hafi fengist við skapandi starf frá upphafi námsins.
- hafi þjálfast í samleik.
- hafi farið yfir viðunandi fjölda verkefna.
- hafi fengist við fjölbreytt úrval verkefna.
- hafi á valdi sínu eftirtalda dúrtónstiga og þríhljóma, eina áttund: C, G, F.
- hafi undirbúið prófverkefni til flutnings á fyrsta stigsprófi samkvæmt þessari námskrá.

### Nemandi sýni eftirfarandi atriði í þeim mæli sem eðlilegt getur talist eftir um það bil eins árs nám:

- tilfinningu fyrir túlkun og hendingamótun
- blæbrigði og andstæður
- þekkingu og skilning á stíl
- tilfinningu fyrir samleik
- öruggan og sannfærandi leik
- persónulega tjáningu
- viðeigandi framkomu

## Uppsetning fyrsta stigsprófs og vægi prófþátta

Prófþættir á fyrsta stigsprófi eru sex. Nemendur þurfa að fá einkunnina 6,0 á prófinu í heild til þess að standast það.

### 1. Tónstigar og þríhljómar (15 stig)

Til prófs skal undirbúa eftirfarandi tónstiga og hljóma:

- C-, G- og F-dúr tónstiga og þríhljóma í einni áttund

Leikmáti:

- Eigi hægar en M.M. ♩ = 80, miðað við að leiknar séu fjórðapartsnótur
- Hiklaust og utanbókar

Í prófinu velur prófdómari þá tónstiga og hljóma sem leiknir eru.

### 2. Æfing / Etýða (21 stig)

Æfing má vera úr þeirri kennslubók sem nemandinn er að vinna úr eða úr æfingabók, en meiri kröfur eru gerðar til leikni heldur en í verkum 1 og 2.

### 3. Verk 1 (21 stig)

Stutt lag, helst með undirleik

### 4. Verk 2 (21 stig)

Stutt lag, helst með undirleik

### 5. Lestur af blaði (12 stig)

Smáæfing sem sýnir grundvallarleikni í nótnalestri

### 6. Heildarsvipur (10 stig)

Öruggur og sannfærandi leikur, persónuleg tjáning og viðeigandi framkoma

## Annað stig

Annað stigsprófið á kontrabassa er þeytt eftir að nemandi hefur náð eftirfarandi hæfniviðmiðum og hefur undirbúið hæfileg prófverkefni. Það telst fullgilt aðeins ef nemandi lýkur einnig **Tónfræði G2**. Ætlast er til þess að nemendur í öðru stigi eigi kennslubók og önnur kennslugögn í samræmi við fyrirmæli kennara.

Við lok annars stigs eiga kontrabassanemendur að hafa náð eftirfarandi markmiðum:

### Nemandi

- beiti líkamanum á eðlilegan hátt þegar leikið er á hljóðfærið.
- haldi rétt á hljóðfærinu.
- hafi náð tókum á góðu og öruggu bogagripi.
- beiti boganum á eðlilegan og áreynslulausan hátt.
- hafi náð tókum á eðlilegri stöðu vinstri handar.
- leiki með markvissum og jöfnum fingrahreyfingum.
- hafi náð nokkuð góðum tókum á eftirfarandi bogastrokum: staccato, legato og détaché.
- hafi náð nokkuð góðum tókum á pizzicato.
- hafi náð góðum tókum á tónmyndun í stillingum 1/2–4 (að d á G-streng).
- hafi náð góðum tókum á tónmyndun á neðra tónsviði að F.
- hafi náð nokkuð góðum tókum á inntónun.
- geti leikið með greinilegum styrkleikabreytingum.
- hafi öðlast nokkuð gott hrynskyn.
- geti lesið og leikið án undirbúnings verkefni sambærileg þeim sem fengist var við í fyrsta stigi.
- hafi þjálfast í að leika utanbókar.
- hafi þjálfast í að leika eftir eyra.
- hafi fengist við skapandi starf frá upphafi námsins.
- hafi þjálfast í samleik.
- hafi farið yfir viðunandi fjölda verkefna.
- hafi fengist við fjölbreytt úrval verkefna.
- hafi á valdi sínu eftirtalda dúrtónstiga og þríhljóma, eina áttund: C, F, G, D, Es.
- hafi á valdi sínu eftirtalda laghæfa molltónstiga og þríhljóma, eina áttund: a, e, d.
- hafi undirbúið prófverkefni til flutnings á öðru stigsprófi samkvæmt þessari námskrá.

### Nemandi sýni eftirfarandi atriði í þeim mæli sem eðlilegt getur talist eftir um tveggja ára nám:

- tilfinningu fyrir túlkun og hendingamótun
- blæbrigði og andstæður
- þekkingu og skilning á stíl
- tilfinningu fyrir samleik
- öruggan og sannfærandi leik
- persónulega tjáningu
- viðeigandi framkomu

## Uppsetning annars stigsprófs og vægi prófþátta

Prófþættir á öðru stigsprófi eru sjö. Nemendur þurfa að fá einkunnina 6,0 á prófinu í heild til þess að standast það.

### 1. Tónstigar og þríhljómar (15 stig)

Til prófs skal undirbúa eftirfarandi tónstiga og hljóma:

- tvo dúrtónstiga og þríhljóma
- tvo laghæfa molltónstiga og þríhljóma

Leikmáti:

- Tónsvið: ein áttund
- Hvern tónstiga og þríhljóm með tveimur mismunandi bogastrokum
- Eigi hægar en M.M. ♩ = 100, miðað við að leiknar séu fjórðapartsnótur
- Hiklaust og utanbókar

Í prófinu velur prófdómari þá tónstiga og hljóma sem leiknir eru.

### 2. Æfing / Etýða (15 stig)

Æfing má vera úr þeirri kennslubók sem nemandinn er að vinna úr eða úr æfingabók, en meiri kröfur eru gerðar til leikni heldur en í verkum 1 og 2.

***Eitt verk eða æfingu skal leika utanbókar.***

### 3. Verk 1 (15 stig)

Stutt lag, helst með undirleik.

***Eitt verk eða æfingu skal leika utanbókar.***

### 4. Verk 2 (15 stig)

Stutt lag, helst með undirleik.

***Eitt verk eða æfingu skal leika utanbókar.***

### 5. Val (15 stig)

Nemandi velji eitt eftirtalinna viðfangsefna:

- a. Spinna út frá gefnu upphafi, einföldu hljómferli eða lagi.
- b. Leika frumsamið verk eða eigin útsetningu.
- c. Leika stutt alþýðulag eða þjóðlag, lært eftir eyra.

### 6. Lestur af blaði (15 stig)

Smáæfing sambærileg verkefnum sem fengist var við í fyrsta stigi

### 7. Heildarsvipur (10 stig)

Öruggur og sannfærandi leikur, persónuleg tjáning og viðeigandi framkoma

## Grunnpróf

Grunnpróf á kontrabassa er þeytt eftir að nemandi hefur náð eftirfarandi hæfniviðmiðum og hefur undirbúið hæfileg prófverkefni. Grunnpróf eru aðeins dæmd af Prófanend tónlistarskóla og kemur prófdómari á vegum hennar alla jafna árlega til þess að dæma próf í skólanum. Grunnprófið telst fullgilt aðeins ef nemandi lýkur einnig **grunnprófi í tónfræði** og aðeins þá fæst afhent prófskírteini frá Prófanefnd. Ætlast er til þess að nemendur sem stefna að grunnprófi eigi kennslubók og önnur kennslugögn í samræmi við fyrirmæli kennara.

Við lok grunnnáms eiga kontrabassanemendur að hafa náð eftirfarandi markmiðum:

### Nemandi

- beiti líkamanum á eðlilegan og áreynslulausan hátt þegar leikið er á hljóðfærið.
- haldi rétt á hljóðfærinu.
- hafi náð tókum á góðu og öruggu bogagripi.
- beiti boganum á eðlilegan og áreynslulausan hátt.
- hafi náð tókum á eðlilegri stöðu vinstri handar.
- leiki með markvissum og jöfnum fingrahreyfingum.
- hafi náð allgóðum tókum á mismunandi bogastrokum, þ.e. detaché, staccato, legato og martelé.
- hafi náð allgóðum tókum á pizzicato.
- hafi náð góðum tókum á tónmyndun í stillingum 1/2–8 (að F á G-streng).
- hafi náð góðum tókum á tónmyndun á neðra tónsviði að F.
- hafi náð allgóðum tókum á inntónun.
- hafi nokkur tók á vibrato.
- geti leikið með greinilegum styrkleikabreytingum.
- hafi náð grundvallartökum á að stilla hljóðfæri sitt sjálfur.
- hafi öðlast allgott hrynskyn.
- geti lesið og leikið án undirbúnings verkefni sambærileg þeim sem fengist var við í fyrri hluta grunnnáms.
- hafi þjálfast reglulega í að leika utanbókar.
- hafi þjálfast reglulega í að leika eftir eyra.
- hafi fengist við skapandi starf frá upphafi námsins.
- hafi þjálfast í ýmiskonar samleik.
- hafi farið yfir viðunandi fjölda verkefna.
- hafi fengist við fjölbreytt úrval verkefna.
- hafi á valdi sínu krómatískan tónstiga á tónsviðinu frá lausum E-streng að F á G-streng.
- hafi á valdi sínu eftirtalda dúrtónstiga og þríhljóma, eina áttund: G, B, C, D, Es, As, Des.
- hafi á valdi sínu eftirtalda dúrtónstiga og þríhljóma, tvær áttundir: E, F.
- hafi á valdi sínu eftirtalda hljómhæfa og laghæfa molltónstiga ásamt þríhljómmum, eina áttund: a, b, c, d, g.
- hafi á valdi sínu eftirtalda hljómhæfa og laghæfa molltónstiga ásamt þríhljómmum, tvær áttundir: e, f.
- hafi undirbúið prófverkefni til flutnings á grunnprófi samkvæmt aðalnámskrá tónlistarkóla.

**Nemandi sýni eftirfarandi atriði í þeim mæli sem eðlilegt getur talist eftir um þriggja ára nám:**

- tilfinningu fyrir túlkun og hendingamótun
- blæbrigði og andstæður
- þekkingu og skilning á stíl
- tilfinningu fyrir samleik
- öruggan og sannfærandi leik
- persónulega tjáningu
- viðeigandi framkomu

## Uppsetning grunnprófs og vægi prófþátta

Prófþættir á grunnprófi eru átta. Nemendur þurfa að fá einkunnina 6,0 á prófinu í heild til þess að standast það.

### 1. Tónstigar og þríhljómar (15 stig)

Til prófs skal undirbúa eftirfarandi tónstiga og hljóma:

- krómatískan tónstiga á tónsviðinu ,E að F (á G-streng)
- tvo dúrtónstiga og þríhljóma
- einn laghæfan og hljómhæfan molltónstiga og mollþríhljóm

Leikmáti:

- krómatískur tónstigi bundinn, fjórar nótur í hverju stroki
- dúr- og molltónstigar á eftirfarandi hátt:
  - óbundið, jafnar nótur
  - bundið, tvær nótur í hverju stroki
  - pizzicato
- þríhljómar frá grunntóni beint upp á efsta tón innan tónsviðsins og niður á grunntón aftur á eftirfarandi á eftirfarandi máta:
  - óbundið, jafnar nótur
  - bundið, þrjár nótur í hverju stroki
  - pizzicato
- einn dúr- eða molltónstiga og þríhljóm í tveimur áttundum, hinir eina áttund.
- tónstigar og hljómar eigi hægar en M.M.  $\downarrow = 70$ , miðað við að leiknar séu áttundapartsnótur.
- hiklaust og utanbókar

Í prófinu velur prófdómari þá tónstiga og hljóma sem leiknir eru.

### 2. Æfing / Etýða (15 stig)

Í samræmi við kröfur greinanámskrár fyrir strokhljóðfæri.

**Eitt verk eða æfingu skal leika utanbókar.**

### 3. Verk 1 (15 stig)

Í samræmi við kröfur greinanámskrár fyrir strokhljóðfæri. Verk þurfa að vera ólík.

**Eitt verk eða æfingu skal leika utanbókar.**

### 4. Verk 2 (15 stig)

Í samræmi við kröfur greinanámskrár fyrir strokhljóðfæri. Verk þurfa að vera ólík.

**Eitt verk eða æfingu skal leika utanbókar.**

### 5. Verk 3 (15 stig)

Í samræmi við kröfur greinanámskrár fyrir strokhljóðfæri. Verk þurfa að vera ólík.

**Eitt verk eða æfingu skal leika utanbókar.**

### 6. Val (10 stig)

Nemandi velji eitt eftirtalinna viðfangsefna:

- a. Spinna út frá gefnu upphafi, einföldu hljómferli eða lagi.
- b. Leika frumsamið verk eða eigin útsetningu.
- c. Leika stutt alþýðulag eða þjóðlag, lært eftir eyra.

**7. Lestur af blaði (10 stig)**

Smáæfing sambærileg verkefnum sem fengist var við í fyrri hluta grunnnáms.

**8. Heildarsvipur (5 stig)**

Mat prófdómara á heildarsvip prófs. Getur tekið til ýmissa þátta, en þar á meðal eru tilfinning fyrir túlkun og hendingamótun, blæbrigði og andstæður, þekking og skilningur á stíl, tilfinning fyrir samleik, öruggur og sannfærandi leikur, persónuleg tjáning og viðeigandi framkoma.